Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

Genie Lift™

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Second Edition
Third Printing
Part No. 1314200ISGT

Manufacturer: CE

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 6
Almennt öryggi 7
Öryggi á vinnusvæði 9
Skýringartexti 12
Skoðanir 14
Notkunarleiðbeiningar 24
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 27
Viðhald 28
Töflur yfir burðargetu 29
Tæknilýsing 31

Höfundarréttur © 1995 Genie Industries

Önnur útgáfa: Þriðja prentun, Ágúst 2026

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc.
í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa.

Samræmist:

CE Vélatilskipun 2006/42/EB
(gildir til 19. janúar 2027)

Vélareglugerð 2023/1230/EB
(gildir frá 20. janúar 2027)

Inngangur


Um þessa handbók

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Þetta er handbók um notkun og daglegt viðhald fyrir notendur Genie-véla.

Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Genie.

Auðkenning vöru

Raðnúmer vélarinnar má sjá á raðnúmeramerkimiða.



Raðnúmeramerkimiði

Raðnúmerið er stimplað á undirvagninn

Ætluð notkun og leiðbeiningar

Ætluð notkun þessarar vélar er að lyfta efni. Áður en vélin er notuð ber stjórnandi ábyrgð á því að lesa og skilja þessar leiðbeiningar.


- ☑ Hver einstaklingur þarf að fá þjálfun til að nota efnislyftu.
- ☑ Hver einstaklingur sem hefur til þess heimild og þjálfun og er til þess hæfur skal kynna sér notkun efnislyftunnar.
- ☑ Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota vélina.
- ☑ Stjórnandinn ber ábyrgð á að lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum í stjórnandahandbókinni.
- ☑ Stjórnandahandbókin er staðsett í handbókargeymslunni í vélinni.
- ☑ Upplýsingar um ákveðna notkun vöru er að finna í **Samband haft við framleiðanda**.

Inngangur

Tengdar hreyfingar vélarinnar:



Snúningshjólslás



Sleði hækkaður og lækkaður

Notkunartakmarkanir:

- Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta efni að vinnusvæði yfir jörðu.
- Ekki hækka sleðann nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Aukinn stöðugleiki felur í sér:

- Jafnvægisstöng (ef til staðar)
- Fótur

Takmörkun á vinnslufæribreytum:

- Áfestur meðhöndlunarbúnaður (Sjá kaflann Töflur yfir burðargetu.)

Inngangur

Dreifing á tilkynningum og eftirfylgni við þær

Öryggi notenda er Genie afar mikilvægt. Genie sendir frá sér ýmsar tilkynningar til að miðla mikilvægum upplýsingum um vörur og öryggismál til umboðsaðila og eigenda véla.

Upplýsingarnar í þessum tilkynningum eru merktar einstökum vélum með gerð og og raðnúmeri.

Dreifing á tilkynningum miðast við nýjustu upplýsingar um eiganda og viðkomandi söluaðila. Það er því mikilvægt að skrá vélina og uppfæra samskiptaupplýsingar.

Gættu þess að fylgja viðeigandi tilmælum í tilkynningum til að tryggja öryggi starfsmanna og áreiðanleika vélarinnar.

Kíktu á vefsvæðið okkar, www.genielift.com, til að skoða opnar tilkynningar um vélina þína.

Samræmisyfirlýsing

Afrit af upprunalegri samræmisyfirlýsingu má finna á vefsíðunni https://my.genielift.com.

Samband haft við framleiðanda

Stundum gæti reynst nauðsynlegt að hafa samband við Genie. Í slíkum tilfellum skal gefa upp númer gerðarinnar og raðnúmer vélarinnar, auk nafns og samskiptaupplýsinga. Alltaf skal hafa samband við Genie vegna:

Tilkynningar um slys

Spurninga varðandi notkun og öryggi

Upplýsingar um staðla og reglugerðir

Upplýsinga um núverandi eiganda, svo sem eignarhaldsbreytinga á vél eða breyttra samskiptaupplýsinga. Sjá Eignarhaldsbreytingu, fyrir neðan.

Eignarhaldsbreyting á vél

Með því að gefa þér nokkrar mínútur í að uppfæra upplýsingar um eiganda tryggir þú að þú fáir mikilvægar upplýsingar um öryggi, viðhald og notkun vélarinnar.

Skráðu vélina með því að fara á www.genielift.com eða hringja gjaldfrjálst í okkur í síma 1-800-536-1800.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.

Skýring merkinga


Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Fylgdu öllum öryggisboðum með þessu merki til að koma í veg fyrir möguleg slys eða dauða.



Rauður – notaður til að benda á tilvist yfirvofandi hættuástands sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Appelsínugulur – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Gulur með öryggisviðvörunartákni – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið lítils háttar eða frekar alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við því.




Gulur án öryggisviðvörunartákns – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til eignaskemmda ef ekki er brugðist við því.




Grænn – notaður til að benda á notkunar- eða viðhaldsupplýsingar.


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina	 Hætta á að kremjast	 Reykingar bannaðar.	 Árekstrarhætta
 Fallhætta	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti	 Hætta vegna skemmdrar vélar
 Hætta á líkamstjóni	 Hliðarkraftur	 Vindhraði		

Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.

Haltu öruggri fjarlægð frá raflínum og raftækjum í samræmi við gildandi reglur og eftirfarandi töflu.

Spenna Fasi til fasa	Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar	
0 til 300 V	Forðast skal snertingu	
300 V til 50 kV	10 fet	3,05 m
50 kV til 200 kV	15 fet	4,60 m
200 kV til 350 kV	20 fet	6,10 m
350 kV til 500 kV	25 fet	7,62 m
500 kV til 750 kV	35 fet	10,67 m
750 kV til 1.000 kV	45 fet	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Farðu ekki nærri vélinni ef hún kemst í snertingu við raflínur undir spennu. Starfsmenn mega hvorki snerta né nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á veltu

Ekki fara umfram skráða burðargetu. Sjá kaflann Töflur yfir burðargetu.

Ekki lyfta farmi nema pinnar sem halda fótum hafi verið settir alla leið inn í fæturna.

Ekki lyfta farmi nema réttar lengdir á fótum séu almennilega uppsettar.

Ekki lyfta farmi nema vélin standi á traustri jafnsléttu.



Ekki færa vélina með farminn uppi, nema til að gera minni háttar breytingar á staðsetningu.



Ekki halla vélinni aftur með farminn uppi.

Ekki nota blokkir til að rétta vélina af.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða vindhviðum. Ef yfirborðsflötur farms er aukinn minnkar jafnvægi vélarinnar í vindi.

Ekki setja stiga eða vinnupalla upp við neinn hluta þessarar vélar.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki nota vélina nema stilling hjóla/fóta/smáhjóla sé almennilega uppsett.

Fyrir notkun skal athuga hvort brúnir, holur, ójöfnur, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð eða aðrar mögulega hættulegar aðstæður fyrirfinnist á vinnusvæðinu.

Forðist rusl og ójafnt yfirborð þegar vél er rúllað með fætur óuppsetta.

Ekki skipta vélarhlutum sem eru mikilvægir fyrir stöðugleika eða uppbyggingu út fyrir hluta með aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

⚠ Fallhætta

Má ekki nota til að lyfta fólki eða sem tröppu.

Ekki má standa eða sitja á göfflunum, hleðslupallinum eða bómunni.

Ekki klifra á vélinni.



⚠ Árekstrarhætta

Ekki lyfta farmi sem ekki er rétt staðsettur með þyngdina á miðjum göfflunum eða hleðslupallinum.

Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.

Ekki standa undir vélinni eða leyfa starfsfólki að standa undir henni þegar farmur er uppi.



Ekki láta farminn síga nema hvorki hindranir né starfsfólk sé á svæðinu fyrir neðan.

Notaðu almenna skynsemi og skipulag þegar vélin er flutt í halla eða upp stiga.

Grindarrennur skulu ætíð vera vel smurðar. Sjá hlutann Skoðun fyrir notkun. Ósmurðar grindarrennur geta fest eða hætt að hreyfast, sem getur valdið því að farmurinn færist til eða falli.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki grípa í kapalinn.

Haltu höndum og fingrum fjarri trissum, sleða og öðrum stöðum þar sem hægt er að klemmast.

Ekki setja handleggi, hendur eða fingur í gegnum grindina.

Öryggi á vinnusvæði


⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar



Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Ekki nota vél með slitnum, trosnuðum, snúnum eða skemmdum kapli.

Ekki nota vél með minna en fjórar vefjur af kapli á vindunni þegar sleðinn er í neðstu stöðu.



Framkvæmdu ítarlega skoðun fyrir hverja notkun.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vindan skal ætíð vera vel smurð. Sjá upplýsingar í *hluta- og þjónustuhandbók fyrir Genie lyftu*.

Olía eða feiti má ekki vera á bremsuflötum.

⚠ Hætta á að kremjast

Haltu þétt um vinduhandfangið þar til bremsan læsist. Bremsan er læst þegar vinduhandfangið snýst ekki af völdum farmsins.

⚠ Lyftihætta

Notaðu rétta tækni til að lyfta þegar vélinni er komið fyrir eða hallað, eða til að flytja hana um stiga.

Ekki flytja vélina um stiga þegar hún er búin 4 punkta hjólavalbúnaðinum.

⚠ Öryggi stiga

Fallhætta

Notið stigann ekki sem vinnupall.

Ekki sitja í stiganum.

Ekki teygja þig eftir hlutum. Hafðu líkamann mitt á milli hliðarhandriðanna.

Notaðu ekki efstu rimina sem þrep.

Hætta á veltu

Ekki fara umfram skráða burðargetu stigans, 250 pund/113 kg.

Ekki setja of mikið álag á stigann. Stigar eru hannaðir fyrir aðeins einn einstakling.

Ekki nota stigann nema hann sé rétt uppsettur.

Ekki færa stigann til meðan staðið er í honum. Forðastu að ýta eða draga þig til hliðar í stiganum.

Ekki koma stiganum fyrir á hálu yfirborði.


Ekki nota blokkir til að rétta stigann af.

⚠ Hætta vegna rangrar notkunar


Aldrei skilja vél með farmi eftir eftirlitslausa. Starfsfólk gæti reynt að nota vélina án þess að hafa fengið viðeigandi leiðbeiningar, sem skapar hættu.

Skýringartexti


Stöðluð undirstaða með venjulegum hjólum



Gleið undirstaða með lofthjólum





Mótvægisundirstaða




1 Handfang
2 Hleðsluhjól
3 Efri trissa innri grindar
4 Kapalsfesting
5 Kapall
6 Innri grind
7 Ytri grind
8 Límmiðaplata
9 Lofthjól
10 Sleði
11 Festingarrör fyrir gaffla
12 Gaffall
13 Stillanlegur fótur - gleið undirstaða
14 Neðri trissa innri grindar
15 Láspinni fótar
16 Hjól, 2 tommu - valbúnaður A
Hjól, 2,50 tommu - valbúnaður B
17 Hjól - 4 tommu fast
18 Stillanlegur fótur - mótvægisundirstaða
19 Hjól - 5 tommu snúningshjól
20 Mótvægisundirstaða
21 Hjól - 2 tommu tvöfalt hjól
22 Fótur - stöðluð undirstaða
23 Gúmmíhjól

Skýringartexti





Gleið undirstaða með 4 punkta hjólum



24 Bremsa (aukabúnaður)
25 Gaffalláspinni
26 Festing fyrir vindu
27 Vinda
28 Bóma (aukabúnaður)
29 Hleðslupallur (aukabúnaður)
30 Hjól, 4 tommu - valbúnaður A
Hjól, 5 tommu - valbúnaður B
31 Smellipinni stiga
32 Stigi (aukabúnaður)
33 Haldsúla

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og þar sem hægt er að grípa til hennar.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Vinda og tengdir hlutir
- ❑ Íhlutir undirstöðu
- ❑ Fætur
- ❑ Hjól
- ❑ Innri og ytri grind
- ❑ Rennihnappar
- ❑ Haldsamsetning sleða
- ❑ Kapalsfesting
- ❑ Kapall og trissur
- ❑ Hjól
- ❑ Gafflar
- ❑ Hleðslupallur og bóma (ef til staðar)
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Kapall (skekkjur, trosnun og slit)
- ❑ Stigi (ef til staðar)
- ❑ Bremsukerfi (ef til staðar)

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.
- ❑ Gættu þess að hafa a.m.k. fjórar vefjur af kapli á vindunni þegar sleðinn er í neðstu stöðu.
- ❑ Gættu þess að grindarrennurnar séu vel smurðar og lausar við rusl. Smyrðu rennurnar með þurru silíkonspreyi eða silíkonvaxi (Genie hlutanúmer 90337).

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófanir aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðanir

Virknipróf

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

Uppsetning

1 Hallaðu vélinni aftur.

2 Renndu hvorum gaffli á sleðann og festu þá með gaffallæsipinnunum.

3 Renndu hverjum fæti inn í grópina á undirstöðunni þar til læsipinni fótarins smellur inn í hann.



4 Reistu vélina við.

5 Fjarlægðu vinduhandfangið, snúðu handfanginu við og settu það upp. Gripið á handfanginu ætti að vísa að stjórnandanum.

6 Gleið undirstaða: Stilltu í æskilega breidd. Gættu þess að læsipinni fótarins smelli inn í fótinn.

7 Snúðu höldusúlunni af sleðanum.

Bóma

1 Haltu bómunni í lóðréttri stöðu.

2 Settu efsta hluta bómuplötunnar undir efra festingarrör gafflanna og lyftu henni upp.

3 Snúðu bómunni niður þar til hún festist á sínum stað.

4 Komdu lyftifestunni fyrir í hentugu opi á bómunni.

Hleðslupallur

1 Leggðu hleðslupallinn á gafflana.

2 Lyftu fremri hluta hleðslupallsins og ýttu honum í átt að sleðanum þar til aftari hluti hans er undir neðra festingarröri gafflanna.

3 Snúðu hleðslupallinum niður þar til hann festist á sínum stað ofan á göfflunum.

Uppsetning stiga (Ef slíkt er uppsett)

1 Komdu vélinni fyrir.

2 Togaðu í smellipinnana á báðum hliðum stigans.

3 Togaðu stigann niður í lægri stöðu. Gættu þess að styðja við stigann þar til hann er kominn alveg niður.

Stiginn geymdur: Hækkaðu stigann í geymslustöðu og gættu þess að smellipinnarnir festist á sínum stað.

Skoðanir

Bremsurnar prófaðar (Ef slíkt er uppsett)

1 Stígðu á fótstigið til að læsa bremsunum.

2 Ýttu vélinni.

⊙ Niðurstaða: Hjólin ættu ekki að snúast.

3 Stígðu á fótstigið til að losa bremsurnar.

4 Ýttu vélinni.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast.

Prófun vindu

Ath.: Genie lyfta 4 er ekki með innri grind.

1 Snúðu vinduhandfanginu réttsælis til að lyfta sleðanum.

⊙ Niðurstaða: Sleðinn ætti að fara að efsta hluta innri grindarinnar og þar á þar á eftir á innri grindin að lyftast. Sleðinn og innri grindin ættu að hreyfast snurðulaust, án þess að festast.

2 Snúðu vinduhandfanginu rangsælis til að láta sleðann síga.

⊙ Niðurstaða: Innri grindin ætti að síga niður í ytri grindina, og svo ætti sleðinn að síga niður í innri grindina. Sleðinn og innri grindin ættu að hreyfast snurðulaust, án þess að festast.

Ath.: Ef sleðinn og innri grindin hreyfast ekki snurðulaust gæti þurft að smyrja rennurnar með þurru silíkonspreyi eða silíkonvaxi.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir


Skoðun límmiða með orðum

Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
31072	Merking - Geymsluílát handbókar	1
33468	Aðvörun - Engir farþegar leyfðir	1
35567	Viðvörun - Hætta á líkamstjóni	1
35574	Viðvörun - Öryggi og uppsetning vélar	1
35575	Athugasemd - Bómuuppsetning	1
35577	Athugasemd - Hámarksburðargeta 350 pund/159 kg, GL-10, GL-12	1
35578	Athugasemd - Hámarksburðargeta 400 pund/181 kg, GL-8	1
35579	Athugasemd - Hámarksburðargeta 500 pund/227 kg, GL-4	1
37049	Viðvörun - Veltihætta	1
37084	Athugasemd - Uppsetning hleðslupalls	1
37111	Viðvörun - Öryggi og uppsetning stiga	2
37120	Viðvörun - Ekki stíga	1
44754	Merkimiði - Hækka/lækka	1
97529	Varúð - Hætta á líkamstjóni	1
97547	Hætta - Hætta á raflosti	1
1272242	Merkimiði – Vélarskráning	1
1280819	Merkimiði – Viðvörun, Prop 65	1

■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Skoðanir


35577
35578
35579
33468
97529
1272242
31072
37049
35575
1280819
97547
37084
35574
35567
44754
37120
37111

Skoðanir


Skoðun límmiða með táknum

Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
82487	Merkimiði - Lestu handbókina	2
82962	Viðvörun - Engir farþegar leyfðir	1
97510	Viðvörun - Bómuuppsetning	1
97511	Viðvörun - Hámarksburðargeta 159 kg, GL-10, GL-12	1
97512	Viðvörun - Hámarksburðargeta 181 kg, GL-8	1
97513	Viðvörun - Hámarksburðargeta 227 kg, GL-4	1
97532	Varúð - Hætta á líkamstjóni	1
97533	Viðvörun - Ekki stíga	1
97536	Viðvörun - Ekki teygja þig eftir hlutum	1
97539	Hætta - Hætta á raflosti	2
97540	Viðvörun - Burðargeta stiga, 113 kg	2
1272242	Merkimiði - Vélarskráning	1

Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Skoðanir


82487
97533
97540
97511
97512
97513
97539
97539
82487
97536
97540
97532
82963
1272242
82487
97510

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Hættulegt er að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta vörum.

Ef fleiri en einn mun nota vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verður hver notandi að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbókinni. Það þýðir að hver nýr notandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Uppsetning

Veldu svæði sem er traust, slétt og án hindrana.

Fylgdu ferlinu fyrir uppsetningu í hlutanum Virknipróf.

Farmur hækkaður og lækkaður - Handvirk vinda

1 Hafðu farminn á miðjum göfflunum eða hleðslupallinum.

2 Lyftu farminum upp með því að grípa þétt um vinduhandfangið og snúa því réttsælis. Ekki láta kapalinn vindast ójafnt á vindutromluna.

3 Láttu farminn síga með því að grípa þétt um vinduhandfangið og snúa því rangsælis. Þegar hann hefur verið látinn síga í hentuga stöðu skal snúa vinduhandfanginu réttsælis (hækka farminn) í 1/4 snúning til að setja bremsuna á.

Vélin færð með farmi

Á vinnusvæði er best að færa vélina án farms. Aðeins skal færa vélina með farm uppi þegar verið er að staðsetja hana fyrir hleðslu og afhleðslu. Ef nauðsynlegt er að færa vélina með farminn uppi verður að skilja og fara að eftirfarandi öryggisreglum:

- Gættu þess að svæðið sé slétt og án hindrana.
- Tryggðu að farmurinn sé rétt staðsettur á miðjum göfflunum eða hleðslupallinum.
- Forðast skal skyndilega færslu eða stöðvun.
- Færa skal vélina með farminn í neðstu mögulegu stöðu.
- Haltu starfsfólki fjarri vélinni og farminum.
- Ekki halla vélinni aftur með farminn uppi.

Notkunarleiðbeiningar

Vélin færð í stiga

Best er að færa vélina um stiga með því að nota stigarennurnar sem eru valbúnaður. Ekki er mælt með því að færa vélina um stiga án þess að nota stigarennur. Ef nauðsynlegt er að færa vélina um stiga verður að skilja og fara að eftirfarandi öryggisreglum:

- Ekki flytja vélina um stiga þegar hún er búin 4 punkta hjólavalbúnaðinum.
- Láttu farminn síga alveg niður.
- Mjakaðu vélinni yfir hverja tröppu. Haltu föstu taki á handfanginu.
- Gættu þess að vélin haldi jafnvægi.
- Haltu varlega áfram upp eða niður stigann.
- Notaðu viðeigandi fjölda starfsmanna og rétta lyftitækni með mikla þyngd.

Eftir hverja notkun

Þegar vélin er búin undir geymslu skal fjarlægja gafflana og fæturna og snúa vinduhandfanginu við. Sjá uppsetningarleiðbeiningar.

Veldu örugga geymslustaðsetningu – traustan, láréttan flöt, veðurvarinn, lausan við fyrirstöður og umferð.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Leiðbeiningar um flutning

Skoðaðu og hlýddu:

☑ Gættu þess að flutningsbifreiðin og flutningsfletir geti borið þunga vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.

☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.

☑ Fjarlægðu farminn af göfflunum, bómunni eða hleðslupallinum fyrir fermingu fyrir flutning.

☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.

☑ Vélin verður að vera kyrfilega fest við flutningabílinn.

Lyftileiðbeiningar

Sá fjöldi fólks sem þarf til að flytja vélina veltur á ýmsum þáttum, þ. á m. en ekki takmarkað við:

- líkamlegu ástandi, afli, fötlun eða fyrri meiðslum viðkomandi fólks
- þeirri lóðréttu og láréttu vegalengd sem færa þarf vélina
- þeim fjölda skipta sem þarf að flytja vélina
- þeirri líkamsstöðu, líkamsbeitingu og tökum sem viðkomandi fólk beitir
- þeirri lyftitækni sem notuð er
- aðstæðum á vinnustað og veðri (t.d. hvort það sé hálka eða rigning)

Nota verður viðeigandi fjölda fólks og rétta lyftitækni til að koma í veg fyrir meiðsli.

Ferming fyrir flutning

1 Færðu sleðann alveg niður.

2 Snúðu haldsúlunni yfir sleðann. Gættu þess að læsipinninn smelli á sinn stað.

3 Fjarlægðu vinduhandfangið, snúðu handfanginu við og settu það upp. Gripið á handfanginu ætti að vísa að sleðanum.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Viðhald sem sinnt er fyrir fyrstu notkun, ársfjórðungslega, árlega og annað hvert ár skal sinnt af einstaklingi sem hlotið hefur þjálfun og tilskilin réttindi til að sinna viðhaldi á þessari vél í samræmi við verkferla sem lýst er í þjónustu- og viðhaldshandbók vélarinnar.

Vélar sem ekki hafa verið í notkun í meira en þrjá mánuði verða að gangast undir ársfjórðungslega skoðun áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Fylgið öllum staðbundnum og opinberum reglum þegar vélin er tekin úr umferð og henni fargað í lok líftíma hennar. Sjá frekari upplýsingar í viðeigandi Genie-þjónustuhandbók.

Töflur yfir burðargetu

Skoðaðu og hlýddu:

☑ Sé farmi ekki rétt komið fyrir getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

☑ Gakktu úr skugga um að farmurinn sem á að lyfta sé ekki yfir hámarkinu fyrir þyngdarmiðjuna. Sjá Töflur yfir burðargetu á næstu síðu.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Ef farmi sem er yfir burðargetu vélarinnar er lyft getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

☑ Þyngdarmiðjan er jafnvægispunktur farmsins og hún verður að vera innan þyngdarmiðjusvæðisins.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Ef farmi er ekki komið fyrir innan þyngdarmiðjusvæðisins getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

Gafflar

Leiðbeiningar fyrir staðsetningu farms


1 Ákvarðaðu þyngd og þyngdarmiðju farmsins.

2 Mældu að þyngdarmiðju frá þeirri hlið farmsins sem verður næst sleðanum.

3 Sjá töfluna á næstu síðu fyrir upplýsingar um hvort vélin geti lyft þyngdinni miðað við staðsetningu á göfflum.

4 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli á göfflunum, eins nálægt sleðanum og hægt er.

5 Komdu farminum fyrir þannig að þyngdarmiðjan sé innan þyngdarmiðjusvæðisins.




1. Þyngdarmiðjusvæði

Töflur yfir burðargetu

Tafla yfir burðargetu gaffla		
	12 tommur 30 cm	**14 tommur 35 cm**
GL-4	**500 pund 227 kg**	**500 pund 227 kg**
GL-8	**400 pund 181 kg**	**400 pund 181 kg**
GL-10	**350 pund 159 kg**	**350 pund 159 kg**
GL-12	**350 pund 159 kg**	**350 pund 159 kg**

Tafla yfir burðargetu bómu



1 Aftara op

2 Fremra op

Gerð	Fremra op	Aftara op
GL-4	300 pund 136 kg	500 pund 227 kg
GL-8	240 pund 109 kg	400 pund 181 kg
GL-10	210 pund 95 kg	350 pund 159 kg
GL-12	210 pund 95 kg	350 pund 159 kg

Bóma

Leiðbeiningar fyrir staðsetningu farms

1 Ákvarðaðu þyngd og þyngdarmiðju farmsins.

2 Sjá töfluna hér að neðan fyrir upplýsingar um hvort vélin geti lyft þyngdinni miðað við staðsetningu á bómu.

3 Komdu lyftifestunni fyrir í hentugu opi á bómunni.

Hámarkslengd að þyngdarmiðju

(mælist frá framhluta sleða)

Gafflar:	14 to.	35 cm
Hleðslupallur:	14 to.	35 cm
Bóma:	20 to.	51 cm

Tæknilýsing

Gerð	GL-4	GL-8	GL-10	GL-12
Hæð, hámarkslyfta, gafflar uppi	5 fet 11 to./1,8 m	10 fet 0,50 to./3,06 m	11 fet 8 to./3,6 m	13 fet 9,50 to./4,2 m
Hæð, hámarkslyfta, gafflar niðri	4 fet 1,50 to./1,2 m	8 fet 3 to./2,5 m	9 fet 10,50 to./3 m	12 fet/3,7 m
Hæð, lágmarkslyfta, gafflar niðri	3,50 to./8,9 cm	3,50 to./8,9 cm	2 to./5,1 cm	2 to./5,1 cm
Lyftigeta með 12 tommu/30,5 cm þyngdarmiðju	500 pund/227 kg	400 pund/181 kg	350 pund/159 kg	350 pund/159 kg
Þyngd vélar	**Sjá tæknilýsingartöflu á næstu síðu**			
Hæð, frágenginn*	5 fet 7,50 to./1,7 m	5 fet 7,50 to./1,7 m	6 fet 5,50 to./2 m	7 fet 6,75 to./2,3 m
Hæð frá jörðu*	0,75 to/1,9 cm	0,75 to/1,9 cm	0,75 to/1,9 cm	0,75 to/1,9 cm
Stöðluð undirstaða, breidd	24,75 to./62,9 cm	24,75 to./62,9 cm	Á ekki við	Á ekki við
Lengd, frágenginn	12 to./30,5 cm	12 to./30,5 cm	Á ekki við	Á ekki við
Lengd, í notkun	34,75 to./88,3 cm	34,75 to./88,3 cm	Á ekki við	Á ekki við
Gleið undirstaða, breidd - í geymslustöðu	28,75 to./73 cm	28,75 to./73 cm	28,75 to./73 cm	28,75 to./73 cm
Breidd, framlengd	43,50 to./1,1 m	43,50 to./1,1 m	43,50 to./1,1 m	43,50 to./1,1 m
Lengd, frágenginn	19,25 to./48,9 cm	19,25 to./48,9 cm	19,25 to./48,9 cm	19,25 to./48,9 cm
Lengd, í notkun	43 to./1 m	43 to./1 m	43 to./1 m	43 to./1 m
Mótvægisundirstaða, breidd - í geymslustöðu	28,75 to./73 cm	28,75 to./73 cm	28,75 to./73 cm	Á ekki við
Breidd, framlengd	43,50 to./1,1 m	43,50 to./1,1 m	43,50 to./1,1 m	Á ekki við
Lengd, í notkun	28,50 to./72,4 cm	28,50 to./72,4 cm	28,50 to./72,4 cm	Á ekki við
Gafflar				
Lengd	22,50 to./57,2 cm	22,50 to./57,2 cm	22,50 to./57,2 cm	22,50 to./57,2 cm
Breidd	20,50 to./52,1 cm	20,50 to./52,1 cm	20,50 to./52,1 cm	20,50 to./52,1 cm
Hleðslupallur				
Lengd	23 to./58,4 cm	23 to./58,4 cm	23 to./58,4 cm	23 to./58,4 cm
Breidd	22 to./55,9 cm	22 to./55,9 cm	22 to./55,9 cm	22 to./55,9 cm
Hljóðþrýstingsstig				
Handvirk vinda	<70 dBA	<70 dBA	<70 dBA	<70 dBA
Umhverfishiti við notkun	-20 F til 120 F -29 C til 49 C	-20 F til 120 F -29 C til 49 C	-20 F til 120 F -29 C til 49 C	-20 F til 120 F -29 C til 49 C

* 10 tommu lofthjólið bætir 1 tommu/2,5 cm við þessa tæknilýsingu.

* 4 punkta hjólið, valbúnaður B, bætir 1 tommu/2,5 cm við þessa tæknilýsingu.

* Mótvægisundirstaðan bætir 1 tommu/2,5 cm við þessa tæknilýsingu.

Tæknilýsing

Stillingar vélar

Undirstaða: Stöðluð undirstaða, GL-4 og GL-8	
***Hjól:**	
Lofthjól	
Fremri	2,50 tommu snúningshjól
Aftari	10 tommu lofthjól
Undirstaða: Gleið undirstaða, GL-4, GL-8, GL-10 og GL-12	
***Hjól:**	
Lofthjól	
Fremri	2,50 tommu snúningshjól
Aftari	10 tommu lofthjól
4 punkta hjól, valbúnaður A	
Fremri	2 tommu tvöföld snúningshjól
Aftari	4 tommu snúningshjól
4 punkta hjól, valbúnaður B	
Fremri	2,50 tommu snúningshjól
Aftari	5 tommu snúningshjól með hliðarbremsum og 4 punkta snúningslásum
Undirstaða: Mótvægi, GL-4, GL-8, GL-10	
****Hjól:**	
Fremri	4 tommu snúningshjól
Aftari	5 tommu snúningshjól með hliðarbremsum
*Staðalbúnaður á vélum með staðlaðri eða gleiðri undirstöðu er 8 tommu hjól að aftan og 2 tommu tvöföld snúningshjól að framan.	
**Staðalbúnaður á vélum með mótvægisundirstöðu er 5 tommu snúningshjól að aftan með hliðarbremsum og 4 tommu föst hjól að framan.	

Tæknilýsing

Vélarþyngdir

Genie Lift 4

Undirstaða	Hjólabúnaður	Þyngd
Staðlað	Staðlað	113 pund/51 kg
Staðlað	Loft	117 pund/53 kg
Gleið	Staðlað	126 pund/57 kg
Gleið	Loft	130 pund/59 kg
Gleið	4 punkta hjól A	137 pund/62 kg
Gleið	4 punkta hjól B	139 pund/63 kg
Mótvægi	Staðlað	392 pund/178 kg

Genie Lift 8

Undirstaða	Hjólabúnaður	Þyngd
Staðlað	Staðlað	132 pund/60 kg
Staðlað	Loft	136 pund/62 kg
Gleið	Staðlað	145 pund/66 kg
Gleið	Loft	149 pund/68 kg
Gleið	4 punkta hjól A	156 pund/71 kg
Gleið	4 punkta hjól B	158 pund/72 kg
Mótvægi	Staðlað	411 pund/186 kg

Genie Lift 10

Undirstaða	Hjólabúnaður	Þyngd
Gleið	Staðlað	149 pund/68 kg
Gleið	Loft	153 pund/69 kg
Gleið	4 punkta hjól A	160 pund/73 kg
Gleið	4 punkta hjól B	162 pund/73 kg
Mótvægi	Staðlað	415 pund/188 kg

Genie Lift 12

Undirstaða	Hjólabúnaður	Þyngd
Gleið	Staðlað	154 pund/70 kg
Gleið	Loft	158 pund/72 kg
Gleið	4 punkta hjól A	165 pund/75 kg
Gleið	4 punkta hjól B	167 pund/76 kg

Dreift af:

www.genielift.com